

Náttúrufræði 4.-5. bekkur

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Lýsing

Náttúrufræði, útikennsla, nýsköpun og tilraunir hjá 4.-5. bekk.

Námsefni: Halló heimur 3 (valdir kaflar), Náttúrulega 1, Kortabók. Efni, myndbönd og myndir af vef.

5. bekkur fer aukalega í landafræði og þar er stuðst við bókina Ísland: Hér búum við, kortabók og ýmsar vefsíður.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag kennslu byggist einna helst á verkefna- og sjálfstæðri vinnu nemenda (einn eða fleiri saman). Kennari er leiðbeinandi, hann er með innlög/fyrirlestra þegar þess þarf. Áhersla er lögð á samþættingu á milli námsgreina og samfelli í námi. Nemendur vinna margvísleg verkefni til að dýpka þekkingu sína. Að lokum koma nemendur þekkingu sinni á framfæri með ýmsu móti.

Lögð er áhersla á sam- og hópavinnu nemenda, gagnrýna hugsun, skapandi skil og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers nemenda og í mörgum tilfellum getur námsefnið jafnvel verið í höndum nemenda þar sem þeir velja sitt efni út frá áhugasviði.

Nemendur hafa aðgang að námsefni á hljóðbókaformi þegar kostur er á.

Stuðst er við skapandi skil og kappkostað að kenna nemendum að notfæra sér þær bjargir sem til eru.

Frekari námsaðlögun er unnin í samvinnu með heimilum og nemendum sjálfum.

Námsmat

Námsmat er margþætt en hæfniviðmið eru metin sífellt yfir skólaárið. Nemendur fá lokamat í formi framvindu-einkunnar í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Lokamat verður með fimm táknum: framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.
- Gerir sér grein fyrir að efni hafa mismunandi eiginleika.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.
- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Ábyrgð á umhverfinu

- Þekki og geti útskýrt mismunandi tegundir af endurnýjanlegri orku.
- Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Að búa á jörðinni

- Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður.
- Kann metrakerfið og geti lesið úr því.

- Kann að skoða veðurkort og lesa upplýsingar úr þeim.
- Þekki hvað rúmmál er og geti mælt.
- Þekki tímatal, heiti daga, heiti mánaða og gömlu mánaðaheitin.
- Þekkir muninn á mismunandi loftslagi.
- Þekki og geti útsýrt mismunandi ástandsform efna.
- Þekkir dýralíf í hverju loftslagi fyrir sig.
- Þekki muninn á frumeind, sameind, frumefni, efnasambandi og efnablöndu.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Lífsskilyrði manna

- Lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum.
- Þekki mismunandi gerði vöðva og hvar þá er að finna.
- Þekki meltingarfærin og geti útskýrt hvernig melting fer fram og hvernig við nýtum fæðuna.
- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Þekki öndunarfærin og geti lýst öndun.
- Viti hvert hlutverk beinagrindarinnar er sem og liðamóta.
- Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og harðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum.
- Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.
- Þekki mismunandi lög húðarinnar og hlutverk hennar.
- Þekki helstu þætti blóðrásarkerfisins.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Náttúra Íslands

- Lýst reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Þekki algengustu fuglategundirnar.
- Geti útskýrt hvað eldgos og jarðskjálftar eru.
- Þekki og geti lýst helstu einkennum hryggdýra

- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.
- Geti útskýrt innri gerð jarðar (jarðskorpa, möttull, ytri kjarni og innri kjarni).
- Geti fjallað um og borið saman mismunandi gróður-lendi, s.s. votlendi, vallendi, skóglendi
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.
- Geti útskýrt hvað jarðskopuflekar eru og hvaða áhrif þeir hafa á jörðina.
- Þekki einkenni dragáa, jökuláa og lindáa.

VS Náttúrugreinar 5.- 7. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

VS Útikennsla 1.-4. b

- Geti útskýrt muninn á árstíðabundnu náttúrufari.
- Geti sýnt tillitssemi og unnið með öðrum með ólíkar skoðanir og þarfir.
- Sýnir að hann geti verið leiðtogi í smærri hóp og miðlað málum.
- Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og komið auga á þarfir og vandamál.
- Ber virðingu fyrir nærumhverfi sínu og náttúru.
- Sýnir fram á tímastjórnun og lýkur við verkefni innan settra tímamarka.
- Geti framkvæmt og sagt frá einföldum athugunum (t.d. náttúra, dýr og veður)
- Sýnir getu til að hjálpa samnemendum með úrlausn verkefna.
- Getur útbúið kort af nærumhverfinu eftir að hafa kannað svæðið (áhersla á stærðarhlutföll og staðsetningar mannvirkja).
- Kunni skil á mikilvægi endurvinnslu og geti flokkað úrgang.
- Fylgir fyrirmælum starfsfólks.